

REGLUR

um menningarsjóð félagsheimila.

1. gr.

Menningarsjóður félagsheimila starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1970, um félagsheimili, sbr. 56. og 58. grein laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að menningarstarfi í félagsheimilum og öðrum þeim stöðum sem henta menningarstarfi. Sjóðurinn skal stuðla að leikstarfsemi, tónleikahaldi, listsýningum, bókmenntakynningum og hverskonar annarri menningarstarfsemi.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með málefni sjóðsins. Styrkir úr sjóðnum skulu veittir samkvæmt ákvörðun menningarsjóðsnefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára þannig: Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Ungmennafélags Íslands og Kvenfélagasambands Íslands, einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Bandalags íslenskra leikfélaga og Sambands íslenskra myndlistarmanna og einn án tilnefningar og verður hann formaður nefndarinnar. Varðandi sameiginlegu tilnefningarnar skulu félögin tilnefna einn aðila frá hverju félaganna sem skipta með sér störfum í nefndinni, aðalmaður í tvö ár og síðan varamaður næstu tvö ár.

3. gr.

Menningarsjóðsnefnd getur veitt styrki úr sjóðnum til ferðar- og flutningskostnaðar til og milli staða þar sem menningarstarfsemin fer fram. Nefndin getur ákveðið um frávik frá þessum styrkreglum ef sérstök ástæða þykir til. Styrkþegar skulu senda menningarsjóðsnefnd greinargerð um á hvern hátt styrk hefir verið varið.

4. gr.

Styrkumsóknir skal senda til menntamálaráðuneytisins. Starfsmaður sjóðsins, sem ráðuneytið ræður, boðar til fundar í menningarsjóðsnefndinni, leggur fram umsóknir og aflar nauðsynlegra upplýsinga.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið sér um afgreiðslu styrkveitinga. Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Ríkisbókhald annast reikningshald sjóðsins. Ársreikningar sjóðsins, endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun, skulu birtir í Stjórnartíðindum ásamt skrá um úthlutanir.

6. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur frá 28. maí 1980, um menningarsjóð félagsheimila.

Menntamálaráðuneytið, 1. júní 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.